

Héraðsnefndarfundur 30. apríl 2018



Nemendur og kennarar á miðeildartónleikum í mars

Inngangur

Stjórnendaskipti urðu við Tónlistarskóla Árnésinga 1. janúar 2018. Helga Sighvatsdóttir tók við af Róbert A. Darling sem skólastjóri, þegar Róbert fór á eftirlaun. Jóhann I. Stefánsson tók við sem aðstoðarskólastjóri af Helgu Sighvatsdóttur.

Við þökkum Róbert af alhug farsælt og metnaðarfullt starf í þágu Tónlistarskóla Árnésinga, fyrst sem kennari í 17 ár og síðan sem skólastjóri í önnur 17 ár.

Ekki voru gerðar breytingar á skólastarfinu við stjórnendaskiptin, enda skólaárið aðeins hálfnað og unnið eftir áætlun frá hausti.

Mörg ný verkefni

Auk hefðbundinna starfa skólastjórnenda hefur mörg ný verkefni rekið á fjörurnar frá áramótum. Hér er tæpt á nokkrum þeirra.

- **Ný persónuverndarlög** taka gildi 25. maí nk. Skólastjórnendur fengu kynningu á þessum nýju lögum á fundi STS (samtaka tónlistarskólastjóra) í janúar. Þá sóttu stjórnendur kynningarfund ásamt skólastjórnendum grunnskóla Árborgar, þar sem kynnt voru fyrstu skrefin í innleiðingu laganna.
- Í framhaldi af kynningarfundum um nýju persónuverndarlögin höfðu stjórnendur frumkvæði að því að hafa samband við **Héraðskjalasafnið** til að hafa flokkun skjala í réttum skorðum.

- Í janúar funduðu stjórnendur með **Greiðslumiðlun** og fulltrúa Árborgar vegna **Nóra**-greiðslukerfis sem skólinn tekur í notkun í ár. Með Nóra er miðað við að forráðamenn geti nýtt frístundastyrki sveitarfélaga um leið og gengið er frá greiðslu skólagjalda (í ágúst).
- Í mars veitti **Lánasjóður sveitarfélaga** Tónlistarskóla Árnesinga lán upp á 22.100.000 til 16 ára, vegna samkomulags um uppgjör sveitarfélaga við Brú lífeyrissjóð starfsmanna sveitarfélaga. Afborganir eru tvær á ári (33 afborganir alls) um 600.000 hver greiðsla, sem deilast á sveitarfélög Árnessýslu (ábyrgðaraðila).
- **Öryggisnámskeið** – Öryggisvörður (skólastjóri) og öryggistrúnaðarmaður úr röðum kennara sóttu námskeið Vinnueftirlits í febrúar. Í framhaldi af því tók við vinna við að meta áhættu á kennslustöðum, áhrif á heilsu kennara og hvaða úrbóta er þörf.
- Stjórnendur hafa sett fundi undirbúningshóps vegna **nýs grunnskóla** í Bjarkarlandi.
- Stjórnendur tóku þátt í starfi **rýnihóps Listaháskóla Íslands** í apríl, um starfsþróun og endurmenntun tónlistarskólakennara, sem ekki hafa lokapróf.
- Þá sótti skólastjóri **ráðstefnu í Olsztyn** í Póllandi um liðna helgi og flutti þar erindi um tónlistarskólakerfið á Íslandi (námskrár og rekstur) og kynnti starfsemi Tónlistarskóla Árnesinga.

Nýjungar í skólastarfinu

Rytmískt nám – fleiri möguleikar

Næsta vetur verður boðið upp á enn meiri fjölbreytni í rytmísku hljóðfæranámi við skólann. Annar vegar býðst strengjanemendum (sem lokið hafa grunnprófi) að sækja rytmíska kennslu með áhersla á keltneska og norður-ameríska þjólagahefð. Hins vegar býðst nemendum á laglínuhljóðfæri og söng, að sækja sex vikna spunanámskeið. Verður spennandi að fylgjast með þessari ungu deild vaxa fiskur um hrygg.

Kennsla á skólatíma í Vallaskóla

Næsta vetur verður í fyrsta sinn boðið upp á kennslu á skólatíma í Vallaskóla. Með þessu ánægjulega skrefi býður Tónlistarskólinn nú nemendum í öllum grunnskólum sýslunnar að sækja tónlistarnám á skólatíma. Allir njóta góðs af þessu fyrirkomulagi. Nemendur sækja eina kennslustund á sínum „vinnutíma“ (ekki þreyttir eftir skóla í samkeppni við íþróttir og annað), foreldrar losna undan skutli að hluta og kennarar geta hafið kennslu að morgni dags. Að auki skapast samband milli grunn- og tónlistarskóla sem gefur oft vel af sér.


Hljóðfærakynningar.

Tónlistarskóli Árnesinga heldur áfram þróunarverkefni því sem hafið var vorið 2017, með hljóðfærakynningum í öllum 2. bekkjum grunnskóla Árnessýslu. Í vetur fékk hver bekkur sex heimsóknnum (alls 96 kynningar). Heimsóknirnar hafa verið mjög ánægjulegar og nemendur sýnt verkefninu óskipta athygli.

Próf

Þegar þetta er ritað er lokið um 160 hjóðfæra og söngprófum (samræmd áfangapróf, innanskóla stigspróf og Suzukipróf). Meðaleinkunn í þeim grunn- og miðprófum sem tekin hafa verið er 8,75. Glæsilegur árangur.

Einn nemandi lýkur framhaldsprófi í hljóðfæraleik í vor, **Snæfríður Sól Árnadóttir** á trompet. Snæfríður heldur framhaldsprófstónleika sína í Ráðhúsinu Þorlákshöfn, þriðjud. 15. maí kl. 20:00. Lúðrasveit Þorlákshafnar kemur einnig fram á tónleikunum og mun leika með Snæfríði. Aðgangur að tónleikunum er ókeypis og allir hjartanlega velkomnir.



Snæfríður Sól

Tónleikahald

Tónleikahald hefur verið mjög gjöfult í vetur og nemendur hafa staðið sig einstaklega vel. Ef stiklað er á stóru má benda á *deildatónleikana* í nóvember þar sem allar hljómsveitir og samspilshópar komu fram auk söngvara og píanónemenda.



Á svæðistónleikunum sex sem haldnir voru um alla sýslu í tilefni af *Degi tónlistarskólanna* í febrúar, komu einnig fjölmargir nemendur fram og stóðu sig með mikilli þryði.

Sama dag voru svæðistónleikar *Nótunnar* (uppskeruhátíð tónlistarskólanna) haldnir í Salnum í Kópavogi. Þrjú ólík atriði voru fulltrúar Tónlistarskóla Árnésinga: Sönghópur og rytmasveit leiddu saman hesta sína við undirleik Einars Bjarts Egilssonar; Katrín Birna Sigurðardóttir lék á selló við undirleik Einars Bjarts og Rúrik Nikolai Bragin og Guðbergur Davíð Ágústsson léku dúett á gítar. Allir voru nemendurnir skólanum til mikils sóma.

- Katrín Birna var svo valin til að leika á lokatónleikum Nótunnar í Eldborgarsal Hörpu 4. mars og gerði það sérstaklega fallega.



Katrín Birna

Í mars voru haldnir bæði *miðdeildar-* og *framhaldsdeildartónleikar*. Tónleikarnir voru mjög skemmtilegir og fjölbreyttir og flutningur nemendanna til fyrirmyndar.

Þema vetrarins er *Hafið*. Hefur viðfangsefnið litað efnisskrár tónleikanna skemmtilega í vetur.

Skólaslit vorið 2018 verða á kennslustöðum sem hér segir:

Eyrarbakki / Stokkseyri	Grunnsk. Stokkseyri	22. maí kl. 17:00
Flóaskóli	Þjórsárveri	23. maí kl. 17:00
Flúðir	Félagsheim. Hrunam.	22. maí kl. 16:00
Hveragerði	Hveragerðiskirkju	23. maí kl. 18:30
Kerhólsskóli	Félagsheim. Borg	1. júní kl. 13:00
Laugarvatn	Grunnskólanum	29. maí kl. 17:00
Reykholt	Félagsheim. Aratungu	23. maí kl. 17:00
Selfoss	Sunnulækjarskóla	28. maí kl. 18:00
Þjórsárskóli	Félagsheim. Árnesi	24. maí kl. 16:00
Þorlákshöfn	Ráðhúsinu	22. maí kl. 18:00

Starfsmannamál

Kennarar skólans eru mjög duglegir að viðhalda þekkingu sinni í starfi og efla sig sem tónlistarkennara. Suzuki-kennarar skólans eru t.d. nær allir í Suzukikennaranámi samhliða starfi.

Tveir kennarar fara í námsleyfi næsta vetur, Miklós Dalmay og Edit Anna Molnár. Í þeirra stað hefur Suncana Slamning verið ráðin píanókennari og Eyjólfur Eyjólfsson tekur við tónfræðikennslu.

Auglýst hefur verið eftir málmblásturskennara í hálf starf frá og með hausti 2018 til að taka við kennslu af Jóhanni aðstoðarskólastjóra. Á vorönn sáu þrír afleysingarkennarar um kennsluna, en það eru Guri Hilstad Ólason, Snæfríður Sól Árnadóttir og Þorkell Jóelsson. Við þökkum þeim fyrir vel unnin störf.

Ingibjörg Birgisdóttir blokkflautukennari snýr aftur til starfa eftir árs leyfi. Um leið og við fögnum því, þökkum við Ragnheiði Haraldsdóttur blokkflautukennara fyrir vel unnin störf í vetur.

Rekstur skólans

Áætlun um kennslukostnað sveitarfélaga fyrir árið 2017 stóðst.

Áætlun um skólagjaldalið rekstrar 2017 fór hins vegar fram úr áætlun.

Ástæður þess voru þessar helstar:

- Fleiri nemendur eru í heilu námi (hálf nám er hlutfallslega dýrara).
- Auglýsingakostnaður vegna skólastjóraskipta og sérfræðiaðstoð.
- Viðhald hljóðfæra, tækja og stillinga hærra en áætlað var.
- Tölvukostnaður hærri en áætlað var.

Aðrir liðir stóðust áætlun eða voru lægri.

Kjarasamningar

Kjarasamningar FT við SNS rann út 31. mars sl. Það er von okkar að samið verði sem allra fyrst. Um leið og kjarasamningur verður undirritaður þarf að endurskoða fjárhagsáætlun Tónlistarskólans.

Helga Sighvatsdóttir
skólastjóri